Ed. **575. Þingsályktun**

um að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, að því er snertir byggingu landsspítalans.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, á þann hátt, að taka nægilega stórt lán til áframhaldsbyggingar landsspítalans, ef þörf gerist til þess að byggingunni verði lokið svo fljótt, að spítalinn verði tekinn til afnota árið 1930.